

**hlut-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– hvaða hluta textans eigum við að lesa?

‡ • hlutur, hlutverk, hlutafélag

**byrj-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hvenær byrjar tíminn?

‡ • byrjun

**saga** *kv – stofa Ö*  
[sögu, sögur; [ef.ft] sagna]

– þetta var spennandi saga

‡ • segja, frásögn, sjálfsgætur

**kon-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur; [ef.ft] kvenna]

– þessi kona er skyld honum

‡ • eiginkona, vinkona; kerling « karlmaður

**birt-a** *kv et – stofa*  
[-u]

– þetta er ekki næg birta

‡ birta/birti • birta (so) » ljós (no)

**stig-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– ég þarf stiga til að geta málað herbergið

‡ • stig, stíga, stígur

**krón-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– þetta kostar bara 24 (tuttugu og fjórar) krónur

‡

**ástæð-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– það er engin ástæða til að kaupa of dýran bíl

‡ • standa, sérstæður

**eld-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– ég skal elda matinn í kvöld

‡

**hol-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– músin kom upp úr holunni

‡

**heils-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– ég bið að heilsa!  
– (ég skal skila því)

‡ • heill; heilsa (no) « kveðja (so)

**end-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hér endar bókin

‡ • endi, enda (st), endanlegur, endilega, endilangur, endurtaka

**vinátt-a** *kv et – stofa*  
[-u]

– vinátta þeirra var einlæg

‡ • vinur, vinkona, vinsæll

**hill-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– hann raðar bókunum á hilluna

‡

**tafla** *kv – stofa Ö*  
[töflu, töflur]

– kennarinn skrifar orðin á töfluna

**kist-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– hún á gamla kistu uppi á háalofti

‡